

IcelandSIF

Ársreikningur

2018

án endurskoðunar eða könnunar

IcelandSIF

Ársreikningur

2018

án endurskoðunar eða könnunar

Efnisyfirlit

Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar IcelandSIF

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir IcelandSIF vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða IcelandSIF við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórn félagsins. Stjórn félagsins er ábyrg fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Kópavogur, 26.mars 2019.

Deloitte ehf.

Signý Magnúsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Endurskoðandi samtakanna er Signý Magnúsdóttir hjá Deloitte en reikningurinn er ekki endurskoðaður eða kannaður. KPMG sér um bókhald samtakanna.

IcelandSIF eru félagasamtök þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

- Samtökin taka ekki tiltekna afstöðu til ábyrgra og sjálfbærra fjárfestinga eða einstakra málefna.
- Aðilar taka afstöðu á sínum forsendum.
- Samtökin eru ekki vettvangur til að samræma stefnu, afstöðu eða aðgerðir í ábyrgum fjárfestingum.

Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017.

Ljóst er að stofnun og rekstur samtakanna byggir á breiðum grunni en stofnaðilar voru samtals 23. Í árslok 2018 voru 25 aðilar að samtökunum. Hópin skipa tólf lífeyrissjóðir, fjórir bankar, fjögur tryggingarfélög, fjögur rekstarfélög og eitt eignastýringarfyrirtæki.

Stjórn samtakanna skipa Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir frá Landsbankanum, sem er formaður stjórnar, Davíð Rúdólfsson frá Gildi-lífeyrissjóði, sem er varaformaður stjórnar, Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum, Jóhann Guðmundsson frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Kristín Jóna Kristjánsdóttir frá Íslandssjóðum, Kristján Geir Pétursson frá Birtu lífeyrissjóði og Ólafur Freyr Kristjánsson frá Arion banka.

Stjórn samtakanna skipaði fjóra vinnuhópa á vegum stjórnar:

Upplýsingagjöf og fræðsla um ábyrgar fjárfestingar formaður hópsins er Kristín Jóna Kristjánsdóttir Íslandssjóðum. Siðferðileg viðmið í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda formaður hópsins er Kristján Geir Pétursson Birtu lífeyrissjóði.

Háskólahópur formaður hópsins er Egill Tryggvason Verði Tryggingum.

Viðburðarhópur, formaður hópsins er Jóhann Guðmundsson Lífeyrissjóði Verzlunarmanna.

Rekstur og helstu áfangar

Tap IcelandSIF á árinu 2018 nam kr. 1.517.521. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samtakanna kr. 5.785.827 og bókfært eigið fé í árslok er jákvætt um kr. 4.166.981.

Á árinu 2018 stóðu samtökin fyrir sex fræðsluviðburðum. Fyrsti viðburður ársins bar yfirskriftina Ábyrgar fjárfestingar til farsællar framtíðar og fengu aðildarfélögin þar fræðslu frá erlendum aðilum sem hafa verið leiðandi á sviði Ábyrgra fjárfestinga. Vinnuhópur um siðferðileg viðmið í fjárfestingum íslenskra lífeyrissjóða stóð fyrir fræðslufundi þar sem fulltrúar vinnuhópsins auk annarra sérfræðinga kynntu greiningar á því hvaða sjónarmið og viðmiða mögulegt er að líta til þegar lífeyrissjóður setur sér stefnu um siðferðileg viðmið í fjárfestingum í samræmi við breytingar sem gerðar voru á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem tóku gildi um mitt árið 2017. Fræðslufundir voru síðan haldnir með fulltrúum Morningstar, Sustainalytics og MSCI en stefna samtakanna er að fá hingað heim helstu greiningarhúsin til kynna þjónustu sína fyrir félagsmönnum. Fyrsti innlendi útgefandi grænna skuldabréfa var heimsóttur og fengu félagsmenn góða yfirferð yfir ferlið varðandi útgáfuna.

IcelandSIF fékk strax góðar viðtökur frá norrænum systursamtökum og eiga nú sæti í sameiginlegum vinnuhópi sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að deila þekkingu á milli landanna. Samtökin sendu fulltrúa á SIF fund sem var haldin í Osló á síðasta ári og skapaðist í þeirri heimsókn tækifæri til að kynna samtökin, mynda tengsl við erlendu aðilana og einnig var fræðsludagskráin virðismikil. Næsti SIF fundur verður í Stokkhólmi en IcelandSIF mun sjá um fundinn árið 2020.

Það er álit stjórnar IcelandSIF að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn IcelandSIF staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26.mars 2019.

Í stjórn

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir stjórnarformaður

Davíð Rúdólfsson varaformaður stjórnar

Egill Tryggvason

Jóhann Guðmundsson

Kristín Jóna Kristjánsdóttir

Kristján Geir Pétursson

Ólafur Freyr Kristjánsson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Stofngjöld		0	7.450.138
Félagsgjöld		4.065.615	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(5.570.263)	(1.765.636)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(1.504.648)	5.684.502
Fjármunatekjur		27.728	0
Fjármagnsgjöld		(40.601)	0
		(12.873)	0
(Tap), hagnaður ársins		(1.517.521)	5.684.502

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda	2	750.000	7.450.138
Aðrar skammtímakröfur	2	1.631	0
Handbært fé	2	5.034.196	0
Eignir		<u>5.785.827</u>	<u>7.450.138</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	3	4.166.981	5.684.502
Eigið fé		<u>4.166.981</u>	<u>5.684.502</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	4	84.599	1.765.636
Aðrar skammtímaskuldir	4	1.534.247	0
		<u>1.618.846</u>	<u>1.765.636</u>
Skuldir		<u>1.618.846</u>	<u>1.765.636</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.785.827</u>	<u>7.450.138</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(1.504.648)	5.684.502
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(1.504.648)</u>	<u>5.684.502</u>
Rekstrartengdar eignir, hækkun	2	6.698.507	(7.450.138)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun	4	(146.790)	1.765.636
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>5.047.069</u>	<u>0</u>
Innborgaðir vextir og arður		27.728	0
Greiddir vextir		(40.601)	0
Handbært fé frá rekstri		<u>5.034.196</u>	<u>0</u>
Hækkun handbærs fjár		5.034.196	0
Handbært fé í upphafi árs		0	
Handbært fé í lok árs		<u><u>5.034.196</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. Aðrar peningalegar eignir

Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Kröfur vegna stofngjalda	0	7.450.138
Kröfur vegna félagsgjalda	<u>750.000</u>	<u>0</u>
	<u>750.000</u>	<u>7.450.138</u>

Aðrar skammtímakröfur

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Fjármagnstekjuskattur	1.631	0
	<u>1.631</u>	<u>0</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	5.034.196	0
	<u>5.034.196</u>	<u>0</u>

3. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	<u>Eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2018	5.684.502
Tap ársins	<u>(1.517.521)</u>
Eigið fé 31.12.2018	<u>4.166.981</u>

Skýringar

4. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Innlendar viðskiptaskuldir	84.599	1.765.636
	<u>84.599</u>	<u>1.765.636</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Fyrirframinnheimtar tekjur	1.534.247	0
	<u>1.534.247</u>	<u>0</u>

5. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 26.mars 2019.

Sundurliðanir

	2018	2017
Rekstrartekjur		
Stofngjöld	0	7.450.138
Félagsgjöld	4.065.615	0
	<u>4.065.615</u>	<u>7.450.138</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Viðburðir	423.120	0
Verkefnastjórnun	727.699	0
Kaffikostnaður	8.240	0
Rekstur tölvukerfis	949.617	1.220.036
Uppbygging heimasíðu	556.326	0
Kostnaður vegna stofnunar félags	0	545.600
Endurskoðun og reikningsskil	1.027.185	0
Aðkeypt þjónusta	166.656	0
Gjafir og styrkir	25.000	0
Þjónustugjöld	11.735	0
Markaðskostnaður	1.473.007	0
Ferðakostnaður	201.153	0
Félags- og aðildargjöld	525	0
	<u>5.570.263</u>	<u>1.765.636</u>